

**Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið**  
**Skuggasundi 1-3**  
**101 Reykjavík**

Sent í gegnum samráðs

*Reykjavík, 23. desember 2022*

**Efni: Drög að reglugerð um meðhöndlun úrgangs, mál nr. 243/2022**

**Almennar ábendingar og athugasemdir**

Íslendingar eru í dag því sem næst heimsmeistarar í því að mynda úrgang ef miðað er við íbúafjölda. Fram til þess hefur úrgangur að verulegu leyti verið urðaður. Það er löngu tímabært að á því verði algjör breyting. Urðaður úrgangur er fyrst og fremst auðlind á villigötum og hindrun fyrir sjálfbærri þróun. Stjórn Landverndar hefur um árabíl talað fyrir því að nýta fjárhagslegan hvata til að takmarka urðun úrgangs. Til að auka virkni þeirra aðgerða sem tilgreind eru í þessari reglugerð og þeim lögum sem hún byggir á, þarf að koma á urðunargjaldi. Góð reynsla er af slíku gjaldi í þeim ríkjum sem Ísland á vanda til að bera sig saman við.

Stjórn Landverndar fagnar að fram eru komin drög að reglugerð sem hefur það hlutverk að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis, draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum vegna úrgangs og, sem er mikilvægast af öllu, að draga úr úrgangsmyndum og stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum og ónauðsynlegum neikvæðum áhrifum á vatn, jarðveg og andrúmsloft.

Stjórn Landverndar gagnrýnir á hve seint reglugerðin er fram komin, mánuði áður en sjálf löggin ganga í gildi. Það hefur legið í loftinu um árabíl, eða frá því að ESB vorið 2018<sup>1</sup> kom sér saman um strangari reglur um meðferð úrgangs, að rík þörf er fyrir þessa reglugerð. Sá ráðherra sem ber ábyrgð á þessu máli skuldar landsmönnum skýringar á þessari töf; töf sem dregur úr tiltrú almennings á stjórnarsýslunni og hvort yfir höfðuð það er nokkuð að marka hástemmdar yfirlýsingar ráðherra um að framtíðin sé „hringrásarhagkerfið“.

**Athugasemdir og ábendingar við einstaka greinar**

Í 4. gr. segir m.a. Sveitarstjórn ber að hafa tiltækan farveg fyrir allan úrgang sem fellur til hjá einstaklingum og lögaðilum innan sveitarfélagsins. Lagt er til að setningin hljóði:

---

<sup>1</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/851 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun 2008/98/EB um úrgang

*Sveitarstjórn ber að hafa tiltækan vel aðgengilegan og snyrtilega farveg fyrir allan úrgang sem fellur til hjá einstaklingum og lögaðilum innan sveitarfélagsins.*

Það er alkunna í dag að móttökustaðir fyrir úrgang eru oft hvorki aðgengilegir né snyrtilegir. Þetta dregur úr áhuga íbúa að sinna þessum málum eins og nauðsynlegt er. Sjá einnig 3. mgr. 8 gr. þar sem fjallað er um þetta efni.

Í **5. gr.** segir m.a. í áætluninni skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu, aðra endurnýtingu, förgun og hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs, stefnu um úrgangsförvarnir og settum tölulegum markmiðum varðandi heimilisúrgang og lífrænan úrgang.

Reynslan segir okkur að virk þátttaka borgar og fyrirtækja er forsenda þess að vel takist við að koma úrgangi í hringrás. Því er mikilvægt að áætlun um hvernig leysa á verkefnið næstu 12 ár komi skýrt fram að „*virka þurfi almennung og fyrirtæki*“ með fræðslu og vitundarvakningu.

Í 5. gr. segir enn fremur: Sveitarstjórn skal á a.m.k. sex ára fresti meta og taka ákvörðun um hvort þörf sé á að endurskoða svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Þetta er langur tími. Lagt er til að endurmatið fari fram á þriggja ára fresti og að sveitarstjórnin verði skuldbundin til að kynna íbúum árangur og nauðsynlegar umbætur til að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið (sjá lið b síðast í 5. gr. sem fjallar um „herferðir“).

Í **7. gr.** segir m.a. „*Jafnframt er sveitarfélagi heimilt að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu til þess að innheimta allt að 25% af heildarkostnaði sveitarfélagsins, sbr. 3. mgr.*“

Stjórn Landvernd minnir á að mengunarbótaregla á að vera leiðarvísir fyrir hringrásarhagkerfið. Föst gjöld sem ekki taka tillit til magns, flokkunar og tegundar úrgangs eru villandi hvati. Í þessari grein er rík ástæða að tilgreina þetta. Lagt er til að framangreind setning verði umorðuð:

*„Mengunarbótareglan skal höfð að leiðarljósi við gjaldtöku. Þó er sveitarfélagi heimilt að tilgreina hluta gjaldsins sem fast gjald á hverja fasteignareiningu til að mæta grunnkostnaði við söfnun úrgangs, þó ekki hærra en sem nemur 25% af heildarkostnaði sveitarfélagsins, sbr. 3. mgr.“*

Í **8. gr.** segir m.a. „*Skyldur framleiðanda úrgangs eða handhafa úrgangs til að endurnýta eða farga úrgangi falla að jafnaði ekki niður þó að úrgangur hafi verið fluttur til opinberra aðila eða einkaaðila.*“

Reynslan segir að það þarf að vera hægt ganga úr skugga um að sá úrgangur sem er safnað fari **vissulega** til endurvinnslu, t.d. þegar hann er sendur til þriðja aðila erlendis. Því er lagt til eftirfandi viðbót:

*„Framleiðanda eða handhafa úrgangs ber að halda bókhald yfir hvert úrgangur fer til endurvinnslu og skal ganga úr skugga um að móttakandi úrgangs komi úrgangi í endurnýtingu eða endurvinnslu.“*

Í **10. gr.** er fjallað um markmið.

Það er ástæða til að setja markmiðin upp með skipulegri hætti og tilgreina skýrt hver markmiðið er fyrir heimili annars vegar og fyrirtæki hins vegar. Eins málið er framsett er þetta óljóst.

Það er ekki full ljóst hver ber ábyrgð á því að markmiðin náist. Er það viðkomandi sveitarfélag eða mörg sveitarfélög saman ef þau eiga samstarf um úrgangsmálin. Og hver er refsing ef markmiðið næst ekki? Urðunargjald sem nefnt er hér að framan gæti bæði þjónað hlutverki sem refsing og hvati.

Þá væri eðlilegt að setja ákvæði í 10. gr. þess efni að sveitarfélagi beri árlega að upplýsa íbúa sín um hvernig gengur að ná markmiðunum sem og upplýsingar um bæði tekjur og kostnað sveitarfélagsins vegna úrgangsmála.

Í **17. gr.** segir að fasteignareigandi skuli sjá til þess að fasteign hans fylgi nægilega mörg sorpílát (færi ekki betur á því að segja úrgangsilát<sup>2</sup> - sjá skilgreiningu í 2. gr. og að þau séu endurnýjuð eftir þörfum. Í mörgum sveitarfélögum háttar svo til að sveitarfélagið sjálft leggur til ílát fyrir útgang til að tryggja samræmingu og auðvelda söfnun. Þetta verður að tilgreina hér.

*Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar Landverndar*

*Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri*

---

<sup>2</sup> *Sorpílát*: ílát til að safna úrgangi, s.s. tunnur og gámar af ýmsum stærðum.